

Alþingi
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. apríl 2018
Tilvísun: 2018040022

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum nr. 95/2008

Vísað er til erindis, dags. 12. apríl 2017, frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um innheimtulög (innheimtustarfsemi félaga í eigu lögmanna), 395. mál.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og styður framgang þess.

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Anna Mjöll Karlsdóttir


Guðrún Inga Guðmundsdóttir



30.5.2018

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 395. mál á 148. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008

Tilfni frumvarps þessa er niðurstaða Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 8302/2014 sem má rekja til kvörtunar Hagsmunasamtaka heimilanna. Kvörtunin laut einkum að afgreiðslu Fjármálaeftirlitsins á erindi samtakanna frá 20. október 2014. Í málinu komu m.a. til álita reglur Fjármálaeftirlitsins um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi, sem heimiluðu lögaðilum í eigu lögmanna að stunda innheimtu án innheimtuleyfis, en það átti sér ekki stoð í 2. mgr. 3. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 sem veittu aðeins lögmönnum slíka undanþágu en ekki lögaðilum í eigu lögmanna.

Við meðferð málsins kom fram að þrjú innheimtufyrirtæki virtust hvorki lúta eftirliti Lögmannafélags Íslands né Fjármálaeftirlitsins, sem sýndi að mati Hagsmunasamtaka heimilanna fram á alvarlega annmarka á opinberu eftirliti með innheimtustarfsemi. Einnig kom fram það sjónarmið að umrædda heimild lögmanna mætti skýra með því að samkvæmt lögum um lögmenn væri þeim heimilt að stofna félag um starfsemi sína þ.e. lögmannsstofu, sem verður vikið nánar að hér á eftir.

Það er tímabært að fram komi frumvarp sem ætlað er að bæta úr þeirri réttaróvissu sem verið hefur uppi um opinbert eftirlit með innheimtustarfsemi. Eftirfarandi eru athugasemdir Hagsmunasamtaka heimilanna við efni frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar

Með 1. gr. sbr. 4. gr. frumvarpsins er lagt til að undanþága samkvæmt 2. mgr. 3. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 fyrir lögmenn til að stunda innheimtu án starfsleyfis verði útvíkkuð þannig að hún nái einnig til lögaðila í eigu lögmanna. Hagsmunasamtök heimilanna telja að sú ráðagerð gangi þvert gegn þeim sjónarmiðum sem komu fram í framangreindu máli Umboðsmanns Alþingis og samræmist ekki því viðurkennda sjónarmiði að undantekningar í lögum skuli jafnan túlka þröngt.

Hagsmunasamtök heimilanna telja að réttara væri að afmarka starfsleyfisskylduna í innheimtulögum þannig að öll fyrirtæki sem hafi innheimtuþjónustu að meginstarfsemi skuli vera starfsleyfisskyld, en að undanþága vegna lögmanna og lögaðila í eigu þeirra nái eingöngu til eiginlegra lögmannsstofa. Rökin fyrir því eru einkum samkeppnisréttarlegs eðlis þ.e. að æskilegt sé að um sambærileg fyrirtæki sem stunda samskonar starfsemi gildi sömu reglur. Á hinn bóginn má fallast á að vegna sérstaks eðlis lögmannsstarfa skuli þeim veitt undanþága frá starfsleyfisskyldu, enda sé um tilfallandi starfsemi að ræða sem er eðlilegur þáttur í viðtækara viðfangsefni á starfssviði þeirra. Um fyrirmynd að slíku undanþáguákvæði má vísa til 4. tl. 3. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að gild starfsábyrgðartrygging verði gerð að skilyrði fyrir veitingu innheimtuleyfis. Með 3. gr. er lagt til að kveðið verði skýrt á um vernd vörslufjár með sambærilegum hætti og í ýmsum öðrum lögum. Þá er í 5. gr. að finna nýtt ákvæði um niðurfellingu innheimtuleyfis. Hagsmunasamtök heimilanna styðja þau áform sem í þessum ákvæðum felast.

Með 4. gr. frumvarpsins er lagt til að um eftirlit með innheimtustarfsemi lögmannna og lögaðila í eigu þeirra verði vísað til Lögmannafélagsins. Af þessu tilefni vekja Hagsmunasamtök heimilanna athygli á því að samkvæmt félagatali á vefsíðu Lögmannafélagsins eiga eingöngu lögmennt aðild að félaginu en ekki félög í eigu lögmannna. Hér er því enn á ferðinni sú hættta að fyrirtæki í innheimtustarfsemi lenti í lagalegu tómarúmi sem enginn opinber aðili hefur eftirlit með þar sem óljóst er hvort starfsemin falli undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins eða Lögmannafélagsins. Hjá þessu mætti komast með því að þrengja frekar undanþáguna á þann hátt sem að framan greinir, þannig að hún eigi aðeins við um aðila sem hafa lögfræðipjónustu að meginstarfsemi en ekki hreinræktuð innheimtufyrirtæki.

Almennar athugasemdir

Ástæða er til að benda á að breyting á 2. mgr. 15. gr. innheimtulaga samkvæmt 4. gr. frumvarpsins myndi fella brott núverandi tilvísun ákvæðisins til úrskurðarnefndar lögmannna. Hins vegar kemur sá ásetningur fram í greinargerð með frumvarpinu að nefndin muni áfram geta tekið við málum sem varða kvartanir vegna starfa lögmannna á grundvelli innheimtulaga. Að mati samtakanna myndi það stuðla að auknum skýrleika og réttaröryggi ef tekið væri af skarið um þetta í sjálfum lagatextanum, t.d. með því að bæta málslið þar að lútandi við efnislið 4. gr. frumvarpsins.

Einnig er vakin athygli á því að innheimtulög hafa ekki að geyma ákvæði um að aðilar sem falla undir löggin skuli hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði ef ágreiningur rís milli slíks aðila og þess sem innheimtan beinist að. Fyrirmynd að því má t.d. finna í 33. gr. laga um neytendalán nr. 33/2013 og er hér með lagt til að sambærilegt ákvæði verði sett í innheimtulög.

Þá er rétt að benda á að samkvæmt dómi Evrópudómstólsins í máli C-357/16 *Gelvora* frá 20. júlí 2017 fellur starfsemi innheimtuaðila undir gildissvið tilskipunar 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum. Sú tilskipun var innleidd í íslenskan rétt með breytingum á lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. fer Neytendastofa með eftirlit samkvæmt þeim lögum og geta neytendur því beint kvörtunum þangað til stjórnarsýslulegrar meðferðar, en sá möguleiki virðist lítt þekktur og þarfnast kynningar.


Loks hvetja samtökin til endurskoðunar á reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar og að við þá sem og frekari endurskoðun innheimtulaga verði þau hér eftir höfð með í ráðum.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Alþingi

Nefndasvið (nefndasvid@althingi.is)

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2018

Sent með tölvupósti.

Efni: Umsögn laganefndar L.M.F.Í. um 395. mál, þskj. 552, 148. löggjafarþing 2017-2018, frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum nr. 95/2008 (innheimtustarfsemi félaga í eigu lögmanna)

I. Um þingmálið.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur fengið framsent tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis frá 12. apríl sl. þar sem Lögmannafélaginu var sent frumvarp til laga um innheimtulög (innheimtustarfsemi félaga í eigu lögmanna), 395. mál, til umsagnar.

Laganefnd LMFÍ hefur farið yfir þingmálið og telur tilefni til að vekja athygli á örfáum atriðum. Líkt og rakið er í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 8302/2014, sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu, hefur LMFÍ ítrekað gert athugasemdir við að vísað sé til úrskurðarnefndar félagsins í 2. mgr. 15. gr. innheimtulaga, en ekki félagsins sjálfs, enda fer félagið með almennt eftirlit með störfum lögmanna á meðan úrskurðarnefnd LMFÍ leysir úr ágreiningi sem sérstaklega er skotið til hennar.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 2. mgr. 15. gr. innheimtulaga þannig að vísað verði til þess að LMFÍ, en ekki úrskurðarnefnd félagsins, fari með eftirlit samkvæmt lögunum. Þá er með frumvarpinu skerpt á því að undanþáguheimildin í núgildandi 2. mgr. 3. gr. innheimtulaga taki einnig til innheimtustarfsemi félaga í eigu lögmanna.

Laganefnd LMFÍ er því almennt jákvæð um efni frumvarpsins, en telur þó þörf á að kveðið verði á um skyldu fyrirtækja í eigu lögmanna að tilkynna til LMFÍ að þau ætli að nýta sér undanþáguna í 2. mgr. 3. gr. laganna, sbr. nánar umfjöllun um einstaka greinar frumvarpsins hér á eftir.

II. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Við yfirferð málsins telur Laganefnd LMFÍ rétt að gera athugasemdir við eftirfarandi greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lögð til breyting á 2 mgr. 3. gr. innheimtulaga. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu segir að lagt sé til að kveðið verði með skýrari hætti á um að ákvæðið „náí einnig yfir lögmannsstofur sem reknar eru í félagiformi, svo og lögaðila sem eru að öllu leyti í eigu eins eða fleiri lögmannna eða lögmannsstofa, að því skilyrði uppfylltu að starfsemin fallin undir eftirlit Lögmannafélags Íslands skv. 2. mgr. 15. gr. laganna, sbr. einnig 5. gr. þessa frumvarps“. Þá segir að breytingin sé lögð til vegna ábendinga umboðsmanns Alþingis í kjölfar álits hans í máli nr. 8302/2014.

Í framangreindu álitni umboðsmanns Alþingis kemur m.a. fram að hann hafi orðið þess var að tiltekins ósamræmis gætti í afstöðu LMFÍ og Fjármálaeftirlitsins til eftirlitshlutverk síns. Í svörum lögmannafélagsins til hans kæmi fram sú afstaða að innheimtufélögum sem ætli sér að starfa á grundvelli 2. mgr. 3. gr. innheimtulaga bæri að tilkynna Lögmannafélaginu um starfsemi sína. Að öðrum kosti liti Lögmannafélagið svo á að viðkomandi félög kysu að nýta sér ekki umrædda undanþágu í 2. mgr. 3. gr. Af svörum Fjármálaeftirlitsins í tilefni af fyrirspurn álitsbeiðanda yrði á hinn bóginn ekki betur séð en að það liti svo á að eftirlit þess réðist alfarið af eignarhaldi innheimtufélaga. Af því leiddi að ef innheimtufélag væri í eigu lögmannna eða lögmannsstofa þá væri það sjálfkrafa undanþegið innheimtuleyfi frá Fjármálaeftirlitinu og sætti eftirliti samkvæmt 2. mgr. 15. gr. innheimtulaga. Nefnir umboðsmaður þetta „sem dæmi um þann rugling sem kann að skapast við núverandi fyrirkomulag laga sem kann að leiða til þess að eftirlit með innheimtustarfsemi innheimtufyrirtækja í eigu lögmannna verði ekki í öllum tilvikum raunhæft og virkt“. Í álitinu segir umboðsmaður að hann telji að taka þurfi skýrari afstöðu til þess en nú er í lögum hvernig eftirlit með innheimtustarfsemi lögmannna og félaga þeirra skuli háttað ef ætlunin hefur verið að slík starfsemi sæti hliðstæðu eftirliti og önnur innheimtustarfsemi sem fellur undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins, svo sem frumkvæðiseftirliti.

Þótt sú breyting sem felst í 1. gr. frumvarpsins sé vissulega til skýringar nægir hún að mati laganeftndar LMFÍ ekki ein og sér til að koma fyllilega til móts við áður nefndar athugasemdir umboðsmanns Alþingis og tryggja virkt eftirlit Lögmannafélagsins með innheimtustarfsemi innheimtufyrirtækja í eigu lögmannna. Líkt og ráða má af álitinu gat skapast óvissa um hvort slík fyrirtæki féllu undir eftirlit LMFÍ eða Fjármálaeftirlitsins eftir því hvernig eignarhaldi þeirra væri háttað. Með 1. gr. frumvarpsins er tekið af skarið með að séu slík fyrirtæki að öllu leyti í eigu lögmannna eða lögmannsstofa falli þau undir undanþáguákvæði 2. mgr. 3. gr. innheimtulaganna og lúti því eftirliti LMFÍ. Á hinn bóginn er ekki fjallað um það í greininni hvernig LMFÍ á að vera unnt að ákvarða hvaða fyrirtæki falli undir 2. mgr. 3. gr. laganna og lúti eftirliti félagsins; með hvaða hætti félagið á að kanna eignarhald fyrirtækja og þá hvaða fyrirtækja.

Að mati laganeftndar LMFÍ mætti bæta úr framangreindum vandkvæðum með því að setja inn ákvæði í innheimtulög um skyldu fyrirtækja í eigu lögmannna að tilkynna til LMFÍ að þau ætli að nýta sér undanþáguna í 2. mgr. 3. gr. laganna. Varðandi útfærslu á slíku ákvæði þá er hægt að hafa hliðsjón af 2. mgr. 23. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt, um yfirlýsingu um stöðu vörslureiknings og upplýsingar um verðbréf sem eru í vörslu lögmanns, og 8. og 9. gr. reglna LMFÍ um eftirlit með innheimtustarfsemi lögmannna frá 2015 (sjá fskj. nr. 1; reglurnar eru aðgengilegar á eftirfarandi vefslóð:

<https://lmfi.is/lmfi/upplysingar-fyrir-logmenn/reglur-um-efirlit-med-innheimtustarfsemi-logmanna>).

Þannig yrðu innheimtufyrirtæki í eigu lögmanna fyrir 1. október ár hvert að senda stjórn Lögmannafélags Íslands tilkynningu um að þau hyggist ætla að nýta sér undanþáguheimildina í 2. mgr. 3. gr. næsta árið. Slíkri tilkynningu þyrftu að fylgja upplýsingar um eignarhald fyrirtækisins ásamt yfirlýsingu, staðfestri af löggiltum endurskoðanda, um að staða vörslufjárreiknings fyrirtækisins hinn 31. desember fyrra árs sé ekki lægri en staða vörslufjár samkvæmt bókhaldi þess. Þyrfti framangreind tilkynning að vera undirrituð af öllum eigendum viðkomandi innheimtufyrirtækisins. Þá þyrfti að vera ákvæði í innheimtölulögunum um skyldu til að tilkynna Lögmannafélagi Íslands ef innheimtuaðili opnar nýja skrifstofu eða tekur við skrifstofu sem annar innheimtuaðili hefur rekið sem og um breytingar sem gerðar eru á eignarhaldi, stjórn og framkvæmdastjórn innheimtuaðila.

Laganefnd LMFÍ bendir að lokum á að í tilvitnuðum athugasemdum við 1. gr. í greinargerð með frumvarpinu er vísað til 5. gr. frumvarpsins, en miðað við samhengi tilvísunarinnar á hún væntanlega að vera til 4. gr. þess.

Um 4. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 2. mgr. 15. gr. innheimtulaga þannig vísað verði til Lögmannafélags Íslands í heild í stað úrskurðarnefndar félagsins, enda sé það Lögmannafélagið sem fari með almennt eftirlit með innheimtustarfsemi lögmanna en ekki úrskurðarnefndin. Þessi breyting er í samræmi við ítrekaðar ábendingar LMFÍ og stuðlar að því að eftirlit með innheimtu lögmanna verði virkt. Laganefnd LMFÍ ítrekar þó það sem segir að framan um nauðsyn þess að LMFÍ sé tilkynnt um að fyrirtæki í eigu lögmanna ætli sér að nýta sér undanþáguna í 2. mgr. 3. gr. laganna.

Í síðari greinarskilum í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu er vísað til 5. gr. frumvarpsins, en tilvísunin á augljóslega að vera til 4. gr. þess.

III. Lokaorð.

Laganefnd LMFÍ styður þingmálið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem gerðar eru hér að framan. Fulltrúar laganefndar LMFÍ eru reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar til að fylgja eftir þessari umsögn ef þess er óskað.

Umsögn þessari fylgja, sem fskj. nr. 1, reglur LMFÍ um eftirlit með innheimtustarfsemi lögmanna frá 2015 sem settar voru skv. 15. gr. nógildandi innheimtulaga og lögmannaalaga.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar LMFÍ


Jón Gunnar Ásbjörnsson lögmaður

Reglur um eftirlit með innheimtustarfsemi lögmannna

I. KAFLI

Gildissvið

1. gr.

Reglur þessar taka til lögmannna sem falla undir ákvæði 1. mgr. 12. gr. lögmannalaga nr. 77/1998 og til innheimtufyrirtækja sem eru að fullu í eigu lögmannna og/eða lögmannsstofa og sinna innheimtu samkvæmt 1. gr. innheimtulaga nr. 95/2008.

II. KAFLI

Vörslufé

2. gr.

Innheimtuaðili, sem varðveitir fé umbjóðanda síns, skal færa sérstakan viðskiptareikning í bókhaldi sínu, sem sýnir inneign umbjóðandans á hverjum tíma. Á reikninginn skal færa allt fé, sem innheimtuaðilinn tekur við til varðveislu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu kostnaðar og tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og þóknunar sé um slíkt að ræða. Innheimtuaðila er þó ekki skylt að færa á reikninginn fé, sem hann tekur við og skilar samdægurs.

Þá skal innheimtuaðilinn færa sérstakan, sameiginlegan viðskiptareikning, fjárvörslureikning, sem sýni á hverjum tíma samanlagðar innstæður allra umbjóðenda hans á viðskiptareikningum samkvæmt 1. mgr. Þegar sérstakar aðstæður mæla með því er heimilt að færa fjárvörslureikninga vegna einstakra umbjóðenda.

3. gr.

Fjárhæð, sem samsvarar stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi innheimtuaðila, skal varðveitt á sérstökum bankareikningi/-reikningum í viðskiptabanka eða sparisjóði, fjárvörslureikningi.

Fjárvörslureikning skal stofna á nafni innheimtuaðilans og hefur hann formlega ráðstöfunarheimild yfir reikningnum. Innheimtuaðili er ekki eigandi innstæðu á reikningi samkvæmt þessari grein og er innstæðan ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum hans eða annarra, sbr. ákvæði 4. gr. reglugerð nr. 1192/2005. Reikningur þessi skal aðgreindur frá eigin fé innheimtuaðilans og stendur innstæða á honum utan skuldaraðar við skipti á búi innheimtuaðilans.

4. gr.

Fjárvörslureikninga er einungis heimilt að stofna í viðskiptabönkum eða sparisjóðum, sem með tilkynningu til stjórnar Lögmannafélags Íslands, sem hún metur fullnægjandi, hafa skuldbundið sig til þess að fylgja eftirfarandi reglum:

- a) Banka eða sparisjóði skal óheimilt að skuldfæra á fjárvörslureikning nokkurn kostnað vegna viðskipta við innheimtuaðila eða nota innstæðuna til skuldajöfnunar krafna gegn honum eða einstökum umbjóðendum hans.
- b) Banka eða sparisjóði skal óheimilt að taka peninga af fjárvörslureikningi nema gegn skriflegum eða rafrænum fyrirmælum frá innheimtuaðila. Skulu slík fyrirmæli varðveitt hjá viðkomandi innlánsstofnun eins og bókhaldsgögn.
- c) Banka eða sparisjóði er skylt að senda stjórn Lögmannafélags Íslands staðfest yfirlit yfir stöðu og hreyfingar á fjárvörslureikningi hvenær sem stjórnin kallar eftir slíku yfirliti.
- d) Banka eða sparisjóði er skylt að sæta því að stjórn Lögmannafélags Íslands stöðvi notkun fjárvörslureiknings. Hafi notkun verið stöðvuð er óheimilt að greiða af reikningnum án heimildar trúnaðarmanns, sem stjórn Lögmannafélags Íslands tilnefnir.

5. gr.

Innheimtuaðili skal, án ástæðulauss dráttar, leggja allt fé, sem hann tekur við og honum ber að færa á fjárvörslureikning í bókhaldi sínu samkvæmt 2. gr., á fjárvörslureikning í banka eða sparisjóði.

6. gr.

Út af fjárvörslureikningi má aðeins taka ef og þegar:

- a) fé greiðist til umbjóðanda eða er notað til greiðslu fyrir hans hönd;
- b) innheimtuaðili á fé hjá umbjóðanda samkvæmt rétt bókfærðri stöðu viðskiptareiknings hans, enda sé fullnægt skilyrðum til skuldajöfnunar;
- c) rétt uppgjör og afstemming fjárvörslureiknings hefur farið fram og sannreynt er að á honum er fé, sem er umfram skuldbindingar.

7. gr.

Innheimtuaðili skal á minnst þriggja mánaða fresti bera saman og staðreyna að innstæða á fjárvörslureikningi samsvari bókfærðri stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi. Á sama hátt skal hann bera saman og staðreyna að samtala viðskiptareikninga umbjóðenda hans samsvari stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi. Komi í ljós, að innstæða á fjárvörslureikningi er lægri en nemur heildarskuldbindingum innheimtuaðilans samkvæmt fjárvörslureikningi í bókhaldi hans, skal hann tafarlaust bæta úr því. Gögn, sem sýna afstemmingu fjárvörslureiknings í banka og bókhaldi, skal innheimtuaðili varðveita eins og önnur bókhaldsgögn.

III. KAFLI

Eftirlit

8. gr.

Innheimtuaðili, sem reglur þessar taka til, skal fyrir 1. október ár hvert senda stjórn Lögmannafélags Íslands, á þar til gerðu eyðublaði, yfirlýsingu, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, um að staða fjárvörslureiknings í banka þann 31. desember á umliðnu ári sé ekki lægri en staða vörslufjár skv. bókhaldi. Skal yfirlýsingin undirrituð af öllum eigendum innheimtufyrirtækisins.

9. gr.

Innheimtuaðili sem opnar nýja skrifstofu eða tekur við skrifstofu sem annar innheimtuaðili hefur rekið, skal tilkynna það stjórn Lögmannafélags Íslands innan mánaðar.

Tilkynna ber Lögmannafélagi Íslands fyrirfram um breytingar sem gerðar eru á eignarhaldi, stjórn og framkvæmdastjórn þeirra innheimtuaðila, sem ekki falla sjálfkrafa undir ákvæði lögmannalaga nr. 77/1998.

10. gr.

Stjórn Lögmannafélags Íslands getur hvenær sem er krafist þess að innheimtuaðili láti henni í té, með fyrirvara sem stjórnin ákveður, yfirlýsingu og fylgigögn, sem getið er í 8. gr.

11. gr.

Ef færslu og meðferð innheimtuaðila á fjárvörslureikningi er ábótavant eða brjóti innheimtuaðili á annan hátt í bága við reglur þessar um meðferð vörslufjár getur stjórn Lögmannafélags Íslands krafist þess af innheimtuaðila að hann sendi stjórninni ársfjórðungslega eða oftár yfirlýsingu og nauðsynleg fylgigögn um vörslufé fyrir umbjóðendur sína.

12. gr.

Þegar svo stendur á, sem lýst er í 11. gr., eða stjórn Lögmannafélags Íslands telur sérstaka ástæðu til, getur hún ákveðið að fela trúnaðarendurskoðanda sínum að rannsaka hvort innheimtuaðili fari eftir reglum þessum og fullnægi bókhaldslögum að öðru leyti. Gefi rannsókn tilefni til getur stjórn Lögmannafélags Íslands ákveðið að honum sé óheimilt að ráðstafa innstæðum á fjárvörslureikningum eða verðbréfum, nema með leyfi trúnaðarmanns, sem stjórnin tilnefnir.

13. gr.

Innheimtuaðili, sem stjórn Lögmannafélags Íslands hefur ákveðið að beina rannsókn að eða tilkynningum til, er skylt að láta stjórninni eða trúnaðarmanni hennar í té allar upplýsingar um rekstur sinn og efnahag, sem krafist kann að verða, svo og að veita aðgang að öllum bókhaldsgögnum og öðrum gögnum, sem sá, sem rannsókn annast, telur hafa þýðingu fyrir rannsóknina.

14. gr.

Lögmannafélag Íslands ber kostnað við rannsókn skv. 12. og 13. gr. Heimilt er félaginu að krefja innheimtuaðila þann er rannsóknin beinist að um greiðslu kostnaðar við rannsóknina enda sé hún yfirgripsmikil og leiði í ljós misfellur í starfi innheimtuaðilans.

15. gr.

Gerist innheimtuaðili brotlegur við ákvæði reglna þessara og sinnir ekki áskorun um að starfa í samræmi við þær ber stjórn Lögmannafélags Íslands að beita þeim viðurlögum sem heimiluð eru í lögum nr. 77/1998, um lögmenn.

16. gr.

Reglur um fjárvörslureikninga gilda þar til innstæðu á reikningi skv. 3. gr. hefur að fullu verið ráðstafað í samræmi við reglur þessar.

IV. KAFLI

Þagnarskylda

17. gr.

Innheimtuaðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um persónuhagi og rekstrar- eða viðskiptamál og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í innheimtustarfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

V. KAFLI

Starfsábyrgðartrygging

18. gr.

Innheimtuaðili skal hafa starfsábyrgðartryggingu sem tryggir skuldara og kröfuhafa bætur ef þeir verða fyrir fjárhagstjóni sem leyfishafinn ber skaðabótaábyrgð á og rakið verður til gáleysis í störfum hans eða starfsmanna hans. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa váttryggingu hjá váttryggingafélagi eða setja bankaábyrgð hjá banka eða sparisjóði sem hefur heimild til að starfa hér á landi. Trygging skal nema minnst kr. 5.500.000 vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers váttryggingarárs eða ábyrgðarárs skal nema minnst kr. 16.500.000. Falli váttrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag eða ábyrgðaraðili tilkynna það váttryggingar- eða ábyrgðartaka og stjórn Lögmannafélags Íslands þegar í stað. Tryggingartíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að váttryggingafélagið eða ábyrgðaraðilinn tilkynnti váttryggingar- eða ábyrgðartaka og eftirlitsaðila um tryggingarslit eða niðurfellingu ábyrgðar.

Hafi innheimtuaðili samhliða innheimtustarfsemi með höndum lögmannsstörf og hefur gilda ábyrgðartryggingu vegna þeirrar starfsemi telst hann hafa fullnægt tryggingarskyldu sinni samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði

19. gr.

Lögmannafélag Íslands skal halda sérstaka skrá yfir þá innheimtuaðila, sem ekki eru tilgreindir í skrá dómsmálaráðuneytisins samkvæmt ávæði 2. mgr. 17. gr. lögmannalaga nr. 77/1998.

VII. KAFLI

Gildistaka

20. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 2. og 3. mgr. 15. gr. innheimtulaga nr. 95/2008, sbr. einnig lög um lögmennt, nr. 77/1998 sbr. lög nr. 93/2004, öðlast gildi 26. maí 2015.

Sími 568 5620

HAFA SAMBAND

Lögmannafélag Íslands | Icelandic Bar Assn LMFÍ

ciation

Álftamýri g | 108 Reykjavík | ICELAND

+354 568 5620 | lmfi@lmfi.is

Stjórn LMFÍ

Starfsmenn

Fréttir

Viðburðir

Kt. 450269-2209 | Reikningsnúmer 0334-26-Lög og reglur um lögmenn
1207

Vetraropnun kl. 09.00-17.00, sumaropnun kl.
08.00-16.00

Félagatal

Eyðublöð

Breyting á félagatali

Skráning á Lögmannaalista

Félagsdeild - skráning

Lögmannaalisti

Úrskurðari

Kvartanir

Úrskurðir

English

Do you need

Codex Ethic

Lawyers' Dis



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 25.04.2018
Tilv. 2018/0300 - 0.0.01
ÞÁÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, 395. mál.

Vísað er til tölvubréfs nefndarsviðs skrifstofu Alþingis, dags. 12. apríl 2018, þar sem Neytendastofu er gefinn kostur á að gefa umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, 395. mál.

Neytendastofa gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en vill benda á að hvorki í innheimtulögum, nr. 95/2008, né í því breytingafrumvarpi sem nú hefur verið lagt fram er gert ráð fyrir eftirlitsaðila með þeim aðilum sem innheimta fyrir eigin starfsemi heldur einskorðast eftirlitið við innheimtufyrirtæki og lögmenn, lögmennsstofur og lögaðila í eigu lögmanna. Neytendastofa fær nokkuð af ábendingum og fyrirspurnum um þá aðila sem innheimta fyrir eigin starfsemi og telur að skoða þurfi hvort æskilegt sé að hafa opinbert eftirlit með þeim aðilum.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri